# „Vísinn"

## 5. tölublað.

Já, elskaði svo heitt — að hann
fól honum móður sína á vald
í krossdauða sínum. Hvílíkt
traust! — Hvílík ást! Ó, sæll
var þessi postuli, að taka að sér
hina sorgmæddu móður lausn-
ara vors! Þessi ást og þetta
traust, sem frelsari vor bar til
þessa manns, sýnir oss, að hér
hefur Kristur fundið hið elskulega
hjarta hjá Jóhannesi. Og slíkt
hjarta, er dýrmætast af öllu
hér á jörðu — og sá maður, sem
á slíkt hjarta — sem Jóhannes
postuli — hann er ríkastur hér
á jörðu. Og það er einmitt þetta
hjartalag og lunderni Jóhann-
esar postula, sem skapar vora
mestu og sterkustu elsku og vort
göfugasta traust. ——

Með þessari ritgerð vorri, dettur
oss ekki í hug að mótmæla hinu
minnsta í grein hins virðulega
prests, hér að framan, — því hún
þykir oss hin ~~[illegible]~~ merkilega góð
og elskuleg — og svo finnum vér,
að þótt svo hefði verið, að álit

vort á postulunum kynni að vera
mismunandi — þá erum vér
ekki færir um að fara langt út
í það efni. En þessi grein var
á að sýna það, á hverju vér byggð-
um og hvers vegna vér hugs-
uðum flokksfæringjan Jóhann-
es. Þegar vér rennum huganum
til Péturs postula, finnum vér
strax hversu mikill maður hann
var: kærleiksríkur og tapmik-
ill. Og þegar Kristur sagði við
Pétur: að hann væri sú hella
er hann byggði kirkju sína á, —
er auðséð, að þar hefur Kristur
borið til hans hið mesta traust.

En oss virðist sem kærleiki
Péturs, hafi stundum komið
fram blandaður. Hann hefur
að vorri hyggju ríkt yfir meiri
stríðsnáttúru en Jóhannes.
Og það er eins og að hnefarétt-
arinn geist út úr mannkostum
Péturs, t.d. þegar hann hjó eyrað
af Malkusi í Grasgarðinum.
Enda bannaði Kristur honum
það og sagði honum að slíðra

sverð sitt.

Vér gengum einmitt út frá því, í grein vorri, að sá maður sem bæri í brjósti sér hreinastan kærleika, viðkvæmni og blíðu, hann væri besti maðurinn og að þeim manni yrði mest ágengt í öllu hinu sanna, fagra og góða. Vér hugsuðum oss þennan barnslega, innilega hluttekningarsama mann, sem vill og er fús til að gleðjast með glöðum og hryggjast með hryggum. —

Já, kærleikurinn er eina skilyrðið fyrir því að vér reynumst hver öðrum vel. Kærleikurinn er skilyrðið fyrir því, að vér dæmum rétt hverjir aðra, — og kærleikurinn er skilyrðið fyrir því, að virða og reynast prestinum sínum vel — <u>þarfasta manninum</u>.

Með virðing, ást og hreinum hug!

Ritstjórinn.

## Skrökvið ekki að börnunum

Í mörgu hefir oss Íslendingum farið fram, til hins betra, nú á síðustu tímum, og eitt af því marga er það, hvað við almennt ölum nú börnin betur upp en áður tíðkaðist, og það fyrir að eins nokkrum árum, enda er það eitthvert hið mesta velferðar spursmál fyrir land og lýð, að þeim unga sé vísað á þann veg, sem hann á að ganga, því það er fyrsta skilyrðið fyrir því, að hann seinna meir geti orðið nýtur maður í mannfélaginu.

Það er ekki svo mjög langt síðan, að uppeldi barnanna var í voðalegu ástandi og framkoma hinna fullorðnu gagnvart þeim öldungis ókristileg, t.d. þegar að börnin voru óþekk, var vanalega Grýla eða presturinn í næstu grösum, og ef það ekki dugði, var herra Klóalangur tekinn upp og bar þá ekki ósjaldan við, að börnin fengju óspart að kenna á hans hvössu og

ómjúku broddum. Fyrir þetta,
að börnin voru hrædd í prestin-
um, leiddi það, að þau álitu hann
nokkurskonar Sölva Helgason og skoðuðu
hann sem rammasta óvin sinn; voru
náttúrlega skjálfandi hrædd við hann
og vildu helst aldrei sjá hann.
Þekkað var því villausara, að hræða
börnin á prestinum, sem þau þurftu
meira saman við hann að sælda;
enda munu sum börn aldrei hafa
lesið fyrir prestinum nema með hálf-
um huga, einkum ef hann var óblíður
og harður við börnin, eins og sumir
prestar voru í þá daga.
Ef börnin kunnu illa, þegar þeim
var hlýtt yfir, eða stóðu sig eigi
með það sem þeim var sett fyrir
að læra, þá var allopptast gripið
til stórra orðanna, sem voru miður
sæmandi þótt þau hefðu verið töluð
til fullorðinna stórsyndara, hvað
þá heldur til saklausra barna, og að
af lokinni yfirheyrslunni, var stundum

blakað ómjúkt til þeirra, og var þá
optast kristindómsbókin sjálf, sem
öðlaðist þann heiður, að verða
hirtingarvöndurinn.
Geta má nærri hvernin ístöðulitlum
og veikbyggðum börnum hefir orðið
við að fá rokkna löðrung utanundir
með hverinu, með því orðbragði, sem
allopptast fylgdi því góðgæti, enda
var alsiða í þá daga að börnin færu
að gráta áður en yfirheyrslan byrjaði.
Aldrei var þessi vonda aðferð brúkuð
við mig, en þeir eru því miður
alltof margir, sem hafa fengið að
reyna slíkt. Sem betur fer
er nú þessi vonda kennsluaðferð
týnd og tröllum gefin, og í hennar
stað komin önnur betri, sem ljós
skinseminnar, mannúðarinnar og
kærleikans, skýn glatt í gegn til hinna
ungu nemenda, sem eru að byrja
hina þýðingarmiklu ✗ lífsferð sína
gegnum heiminn.
En þrátt fyrir það, er enn uppeldi

barnanna í mörgu ábóta vant.

Við t. d. skrökvum stundum að börnunum, þegar við viljum hafa þau ofanaf ýmsum uppá stungum þeirra og vitum máske á stundum ekki af því, því okkur fynnst það vera meinlaust og ekkert gjöra til, en þetta getur einmitt verið mjög skaðlegt fyrir börnin; því eins og það er áreiðanlegt að þau læra málið af þeim sem tala í kringum þau, eins er það víst, að þau taka fleira eptir þeim og tala eftilvill í svipuðum anda þegar fram í sækjir. Líka mun það eiga sjer stað, að börnin sjeu hrædd á einu og öðru, þegar þau eru óþekk; þetta er líka mjög skaðlegt fyrir þau og skapar allskonar ósjónir í huga þeirra, sem hafa ákaft ill áhrif á hið veika og óþroskaða taugakerfi þeirra og geta menn jafnvel búið að því alla sína æfi ef þeir eru hræddir í æsku.

Ef að þetta tvennt ætti sjer einhversstaðar stað, að börnin væru hrædd og að skrökvað sé að þeim, þótt ekki sé í stórum stýl, ætti sá vondi ósiður algjörlega að leggjast niður.

Stefán Jónsson

# Sigurverkasturlan,

## eða Stundaklukkufaraldur

Vér Íslendingar höfum aldrei fengið orð fyrir að vera mínútumenn eða bundnir við stund og stað, heldur þvert á móti og hefur það við góð og gild rök að styðjast. Það þarf ekki lengi að leita til að finna slíkt, því ef eitthvað á að gjörast sem bundið er við takmörk vísiranna þá er það aldrei framkvæmt á hinum tiltekna tíma; þannig eru allir fundir hjá okkur, kirkjuganga og fl. á ringulreið hvað tíminn snertir. En af hverju kemur þetta? Það kemur mikið til af því, hvað klukkur eru vitlausar hjá okkur og að þeim getur aldrei borið saman, því þegar ein kl. er 12. þá er önnur 1. og hin þriðja 2 o.s.f.v. svo að sami tíminn

eptir klukkunni kemur ekki
jafnt yfir alla. Jeg er viss um
það, þótt 50 karlmenn væru t. d.
í einu samankomnir og þótt þeir
allir hefðu úr uppá vasann, þá
bæri engu þeirra saman, nema ef
það vildi til af hendingu og hvað
skyldu Englendingar, sem eru mestu
mínútumenn í heimi segja um
slíkt: skyldu þeir eigi glotta
hæðnislega um tóm og slíkts
væri fullvon, ælli þeim þætti ekki
skrítið ef þeir yrðu ekkert á leiðinni
eða jafnvel á undan tímanum, með
því að fara frá Hofdölum og fram
að Uppsölum.
Vanalega eru klukkurnar of
fljótar, svo þótt oss sé brugðið um
að vér séum á eptir tímanum
í öllu, þá erum vér þó á undan
honum í einu og það er í því
að hádegi hjá oss eptir klukkunni
er fyr en hjá nokkuri annari
þjóð á hnettinum, en aðalgallinn
við þetta klukkuhádegi vort, er það
sem eg hefi áður sagt, hvað það
gengur herfilega misjafnt yfir.
Nú skal eg lesari góður geða
þjer í með ofurlitlri ferða sögu;
hún er að vísu eintómur til-
búningur, en hún getur gefið
þjer ofurlitla hugmynd um tigur-
verka stuðlanina hjá oss. Sagan
er þannig.
Eg var staddur á Víðivöllum
og ætlaði að halda út sveitina, það
var að sumrinu til um háslátturinn
það var komið kvöld og allt var
búið á Víðivöllum kl. þar var
ellefu og flestir voru háttaðir,
eg bauð því góðanótt og hélt af
stað, eg hafði úr í vasanum og
sá því hvað eg var lengi á milli
bæjanna. Þegar eg kom að Miklabæ
var þar verið að enda við að mjalta

og piltar voru á leidinni heim af engjunum
Eg spurdi hvad klukkan væri; hún var
þrjú kort. gengin 11. Eg leit á úrið mitt
og sá að eg hafdi verið eitt korter á
leidinni, svo eptir því hafdi Miklabæjar
klukkan gengid 1/2 tíma aptur á bak
eda verið hálftíma seinni.

Eg hélt nú áfram ferd minni og á
næstu bæjum var kl. þetta einum
til tveimur tímum á eptir Miklabæjar
klukkunni. Nú kom eg út í Torfuna
var þar verið í óskömum að koma
inn kúnum, eg spurdi svo einhvern
sem eg fann hvað kl. væri. Mjer
var svarað á þessa leit. „Höskuldsstaða
kl. er 9. og hún er alveg rjett, því
hún er sett eptir sólu, hvort sem
hana sér eður eigi, og eptir henni
fara allir Torfu búar". Eg leit nú
á úrið mitt og sá að frá því eg
fór frá Víðivöllum var leidin einn
tími, svo Höskuldsstadaklukkan var
þremur tímum á eptir Víðivallakl.

eg halladist því mjög að þeirri skodun
að kl. á þessu svædi, gengju aptur á bak
en ekki áfram. Enn á ný hélt eg
áfram og þegar eg kom út á eyrarnar
grillti eg í einhverja stórgripi.
Hvad haldið þid að það hafi verið?
Ekkert annað en Minniakra og S. Grundar
kýrnar, þær voru á beit þar á hólmunum
Nú fór eg að fara hægt, því skugg-
sýnt var ordið, og var því lengi á leid-
inni, eg var nú kominn út yfir eyrarnar
þegar eg allt í einu heyrdi einhver hljód
edur öskur sem eg kannadist ekki vid
og datt mér þá snöggvast í hug Þorgeirsboli
edur Skotta. en af því að eg var alls
ekki smeikur vid slík hjú, hélt eg
á hljódid og komst fljótt að raun
um að slíkt var ekki, það var mennsk-
ur madur og þekkti eg þar fljótt Gunnlaug
gamla á Grund, eg heilsadi honum og
spurdi hvad framordid væri; hann sagdi
að kl. væri 2 og hvadst hann hafa ~~verid~~
verið að víkja hrossunum ögn frá,
þau ætludu alveg að éta upp þessar

engja berjar „Já því líkur ágangur"
sagði Karlinn. „Þarna sérðu hross fram-
an úr Torfu og þarna eru ein tvö frá
Þorleifsstöðum, sem ég tók niður
við vötn og vildi ekki láta þau fara
yfir um". Ég spurði hann hvort það
væri nú háttað hjá honum og hvað
hann nei við, það væri ólét tveir
tímar síðann. Ég leit nú á úrið mitt
og sá að frá því, ég fór frá Víðivöllum
voru liðnir 2 tímar og var því Grund-
ar kl. 1 tíma á undan Víðivalla kl.
en fjórum tímum á undan Hösk-
uldsstaða kl. Ég kvaddi nú Karl og
fór og er þá sagan á enda.

Af þessu sem að framan er skrifað
getur þú nú góðurinn minn séð
hvað Sigurverka sturlunin er mögnuð
og að hún þyrfti lækningar, en
hvernig á að fara að slíku? Það er
ekki svo auðvellt, sem margur hyggur.
Rótgróþinn vani og ýmsir kenjar, em

opt erviðir að víkja úr sessi og standa
alls ekki fáanlegir til þess og verður
þá að sitja við það gamla þótt það
sé til skaða og skammar.

Skyldi það ekki vera ráð við þessari
klukknaþesti, að minnsta kosti ein
kl. í hverri sókn (helst á kirkjustöðunum)
væri sett eptir sólskífu og hún því
ætíð höfð rétt og gæti þá ekki
skeð að aðrar klukkur yrðu settar
eptir hinum? og þannig kæmist
ofurlítið jafnvægi á tímann; enda er
þess full þörf. Er það ekki stór
hneisa t. d. þegar boðað er til fundar
og til tekinn tíminn sem menn eiga
að vera mættir, að þá koma sumir
1. tíma áður, aðrir 2. tímum seinna
o. s. f. v.? En þetta er eðlilegt, því hver
fer eptir sinni kl. Eins er það með
kirkjugöngurnar, sumir meiga bíða 1-2 tíma
áður tekið er til, en aðrir ná aðeins
í seinniblessanina.

Gísli Björnson

# Gullkistur og Dalakútar

Ég hefi ávallt gaman af að heyra, hvaða skoðanir menn hafa á hinu og þessu, og ég tel það víst, að aðrir hafi það líka.

Það er hjérumbil sama hvaða málefni það er, sem menn ræða eða rita um, að álit manna á því, er sí og æ ekki hið sama.

Skoðanirnar verða mjög skiptar, og hver heldur sinni skoðun fram, þangað til hann annaðhvort dagar uppi með hana á miðri leið, eða hann hefur hana áfram. Eða þá í þriðja lagi, að hver heldur sinni meiningu og enginn lætur sannfærast af annara orðum, og gjöri ég ráð fyrir, að það muni vera all optast. Mér datt í hug að minnast ofurlítið á, hve afar ólíkar skoðanir manna eru, þegar verið er að ræða um landið okkar, um gæði þess og ókosti. Þar skiptir svo algjörlega í tvö horn, að það er eins og borið sé saman hvítt og svart.

Sumir eru svo framúrskarandi miklir framfara menn — að minnsta kosti á pappírnum og í munninum — að við almúga mennirnir skiljum ekki helminginn af því sem þeir ræða og rita. Raddir þeirra ganga á svo háum nótum, að það er ekki fyrir lélega karla að þola slíkt. ~~Þeir sem framleiða þessa háu tóna~~ [redacted] — hrópa til almúgans; að það sé alstaðar gull í landinu, í hverju holti, hverri þúfu, já og í hverju spori sem vér stígum sé gull. Svo eru sumir að ragast með dalakúta og gullkistur, sem landið ~~og~~ úi og grúi af; en vér verðum að fá betri sjón en vér höfum og verða handalengri en vér erum, til þess, að ná tangarhaldi á hinum huldu fjársjóðum; Ekki er nú leiðinlegt að heyra þetta glymjandi málm hljóð. Það lætur nógu þægilega í eyrunum, það vantar ekki.

Og hvaða menn þjóðarinnar eru nú þetta, sem sjá þessa gulldýrð, hvervetna

sem augað lítur til undir fótum vorum?
Eru það bændurnir? Nei, langt frá;
augu þeirra eru svo haldin, að þeir sjá
ekki loga uppaf gullinu hérna á Íslandi.
Það eru að eins lærðir menn og fáeinir,
sem eru nógu skarpskygnir til þess
að sjá ósköpin, og prédika fyrir oss
um þau. Við búalíðar sem hlíðum
undrandi á fádæmin, förum að hugsa:
"Hvernig má þetta ske„. Því vér þekkjum
einmitt það, til sumra þessara gullsmiða,
að þeir eru opt svo illa kringumstaddum-
kominir, að þeir eiga ekki svo mikið
sem tuttugu og fimm aura til í eigu
sinni, til þess, að kaupa á vasaglasið
sitt, þó þá sárlangi til þess. Gull er
ekki um að tala hjá þeim, heldur en
hjá Skolla góða hluti. Yfir höfuð að tala
er pyngjan þeirra afinlega tóm, nema
rétt á eptir að vesling's bændurnir hafa
stungið nokkrum krónum niður í
hana í launa skini, fyrir nytsamt og
dyggilega unnið starf! Og það er einmitt
þetta, sem kastar tortryggnis skugga á
gullkenningu þeirra. Því eftir því sem

ég þekki mannlegt eðli, þá væri þessum
mönnum ómögulegt að ganga fram
hjá öllum dalakútunum, án þess að
reyna að leisa við einn þeirra, ef þeim
þætti mjög auðvelt að handsama nágung-
ann eða hann væri nokkur til, nema
rétt svona á pappírnum,— því ég segi
ykkur satt, að gullkistur og dalakútar
eru full eigulegir hlutir og ekki sárt
fyrir þá sem eru í skuldabasli og
klípum. En hvað er fyrir mig að
tala hér um. Þetta eru gæðingar
þjóðarinnar sem skeiða yfir gull-
breiðurnar með þeirri geysiferð að
vort alþýðlega auga eygir þá ekki, og
eru svo fáeinir að þeir geta ekki fund-
ið sig í að gjöra sig málaluga um
sínar hvítu hendur við að þvæla ofan
af gullinu og dalakútunum.

Það er nokkuð öðruvísi hljóðið í
bændum og búalíðum. Þeir hrópa
ekki neitt evangelíum gulls eður
dalakúta! Þeir eru líka almúga-
menn og hlíða því lögmáli að neyta
brauðs síns í sveita síns andlitis.

Þeir tala um að verslunin sé hart
nær á þrælandi og lítlu betri en á
einokunartímunum alkunnu.
Þeir tala um álögur og peninga-

útgjöld í allar áttir, sem árlega aukist, — og gjaldliðirnir séu orðnir svo margir, að þeir þurfi hreint ekki að hafa neitt sauðarhöfuð, sem geta talið þá alla upp og gjört grein fyrir af hverju þeir eru sprottnir og til hvers þeir eru brúkaðir. Þeir segja, að þingið gefi út lagaskrifli sem það nefni „Horfellislög", og séu það vitlausustu lög sem nokkurn tíma hafi verið samin, af nokkru þingi, í nokkru landi, en kosti þó landið margar þúsundir króna að hlýða þeim. En ekki að vita hvað við tekur ef á móti er brotið, því konungur vor hefur staðfest lögin, eftir beiðni þingsins. Það sem sérstaklega er einkennilegt við þessi lög, er það, að þau eru svo aðdáanlega, fimlega samin: að það er ómögulegt að hlýða þeim! — Líka kvarta bændur mjög yfir því, hvað þinginu gangi ógnarlega seint að sprengja gömlu stjórnarskrána, í loft upp, og byggja aðra nýja og sjálfsagt betri. Þykir það bændum sig illa að kasta mörgum tugum þúsunda króna til þingmanna, svo þeir geti setið sem „regin á rökstólum" og rifist

um þetta stjórnarskrár húmbúg, en láta bráðnauðsynleg málefni sitja á hakanum.

En fremur kvarta bændur og fleiri mjög sárt yfir peningaeklunni í landinu og virðist þeim sem horfi til stór-vandræða; því þó þeir pæli, grafi og róti upp jörðinni, þá reka þeir sig aldrei á gullið, eða spaðann sinn í dalakútana eða gullkisturnar. Þeir verða ekki varir við annað enn grjót og afar ófrjófa leirmold.

Þetta, og margt fleira, sem vísar í sömu áttina og oflangt yrði hér upp að telja, segja bændur og víst margir af embættismönnum, sem við búskap þurfa að sýsla, það er að segja — þeir sem annars ráða eða vita nokkuð, um landsins gagn og nauðsynjar.

Yfir höfuð þykir bændum og þeirra sinnum, horfurnar mjög ískyggilegar og fari allt af heldur versnandi. Allur fjöldinn sem segist ekki geta haldið við, hvað vel sem þeir reyni að stjórna. Gætu ómögulega ráðið af nokkrum sjáanlegum líkum, að Fjallkonan eigi glæsilega framtíð fyrir höndum;

því með varandi þekkingu, sem kölluð er menntun, fjölgi þarf-
irnar og kröfurnar aukist, en at-
vinnuvegir greiðist ekki eða fjölgi;
og þá sé óhallinn sjálfsagður.
Ef nógir peningar væru fyrir
höndum, til þess að gera allt, sem
hyggnir sjá til hagsbóta, þá gæti
margt verið öðruvísi enn er. En
það verður ætíð að ganga út frá
því sem er, en ekki því sem getur
verið. Það er óneitanlega víst, að
vor fámenna þjóð er afar-fátæk
og landið samkvæmt hnattstöðu
sinni mjög gæða rýrt.

Þór á Hardbala.

" " " " "

Þór á Hardbala, dýfir úr sinni
sterku nokkuð hnikalega djúpt
og reiðir hann sinn Mjölner, nokk-
uð berserkslega hátt, — svo vér
búumst við, að vinir Fjallkon-
unnar gömlu og allir þeir, sem vona
betri tíðar og treysta á framför
og þekking, dug og atorku, rísi upp
á móti karli, þótt hann, samkvæmt
nafni, hafi yfir kröftum að ráða.

Ritstjórinn.

# Til fróðleiks.

Árið 1703 voru á Íslandi 55,444
menn;

árið 1801 alls 47,240 menn;
— 1840 — 57,094 — ;
— 1850 — 59,157 — ;
— 1860 — 66,987 — ;
— 1870 — 69,763 — ;
— 1880 — 72,445 — ;
1890 — 70,927 — ;
í árslok 1895 — 73,449 — .

Síðan 1872 hafa um 9000 menn
flutt sig í aðrar heimsálfur.

---

Mannsæfin á Íslandi hefur (að
meðaltali) lengst um nálægt 23 ár
á síðari hluta þessarar aldar.
Það er margt sem styður að því:
minni barnadauði, læknar fleiri
og betri og yfirsetukonur eins og
m. og m. fl.

---

## Í Reykjavík

var árið 1801, 307 manns;
— 1835, 639 — ;
— 1840, 890 — ;
— 1845, 964 — ;

árið 1850, 1149 manns;
— 1855, 1354 —;
— 1860, 1444 —;
— 1870, 2024 —;
— 1880, 2567 —;
— 1890, 3886 —;
— 1895, 4200 —.

Mikið stækkar höfuðstaður vor, Reykjavík.

---

## Kálgarðar

voru að meðaltali á landinu
1871–78, 250,000 □ faðmar;
1891–95, 496,000 — —.

Árið 1885 var jarðepla uppskeran (eptir því sem næst verður komist) liðugar 12,000 tunnur; en árið 1895 var hún (eptir skýrslunum), 34,000 tunnur, eða því nær ½ tunna á hvert mannsbarn, á öllu landinu.

## Ræktuð tún

voru árið 1885, 31,000 dagsláttur;
— 1895, 41,000 —.

## Þúfnasléttur

voru árið 1871 til 1875, að meðaltali á ári 38,000 □ faðmar; en árið 1891–95, að meðaltali á ári 228,000 □ faðmar.

Ekki er nú framförin mjög tilfinnanlega lítil, herna Spán á Harðbala!

---

## Til minnis.

Hver búandi maður á að greiða til kirkju sinnar (árlega) heilan ljóstoll (4 pd af tólg). Búlausir menn sem tíunda hálfan toll (2 pd.).

Legkaup eru 6 álnir (á landsvísu) á fullorðinn mann; 3 álnir á börn innan tveggja ára. Ekkert legkaup á hreppsómaga eða til prests, nema afgangur sé af eigum hins látna, þá búið er að borga alla hreppsskuldina. — —

Einn 16. partur af öllum tekjum kirkjunnar, gengur til þess manns, sem ræður og stjórnar kirkjupen-

ingunum. Hann hefir það fyrir að kaupa gjöldunum í eitt og geyma þau: n.l. fyrir verslun kirkjugjalda, — og kaupa til kirkjunnar það sem henni ber. —

Þess ber að geta, að aðeins nokkur pund af ljósatollinum, eru brúkuð til lýsingar í kirkjunni; hitt allt er lagt við sjóð hennar. — —

Fyrir að gefa saman hjón, ber presti 6 álnir; fyrir að skíra barn 3 álnir; fyrir að leiða konu í kirkju 2 álnir; fyrir að ferma barn 1½ álnir. (og er þetta hið minnsta sem prestum ber og mega þeir taka á móti meiri borgun, ef þeim er boðið); fyrir að setja kúabálu — ef bálan kemur út — 1½ skildinga, en þá eiga þeir að gefa bálusedil. — fyrir hvert vottorð úr kirkjubókum, 32 sk., nema af húsmönnum, tómthúsmönnum, daglaunamönnum, vinnuhjúum eða öðrum ápekkum, aðeins 16 sk. Sum vottorð verða þeir að gefa borgunarlaust, — sum aftur með meiri borgun, en nefnd hefir verið.

Ritstjórinn.

# Bréf,

## til hennar vinu minnar.

Þú hefir, vina mín! fundið þig knúða til að gjöra athugasemd við grein mína í 3. tölubl. „Viljans". Ég er nú alveg hissa á þér, ljúfan mín, að þú skyldir hleypa þér út í slíka galeyður, því það er hreint ekki þó svo þægilegt fyrir kvenfólk að þrátta um bóklegar við karlmenn. Þú hefur þú, meyjan mín fríð, valið þér hið versta málefni sem hugsast gat. Ég skal nú segja þér, hversvegna ég gjörði „Viljann" svona gamlan. Ég vildi hafa hann full harðnaðan til þess að geta þolað þetta ferðalag, því það er ekki fyrir neinn ungling að þola slíkt í misjöfnu veðri og færð, og svo til þess, sem þú gatst upp á: að stúlkurnar gætu ekki að því fundið hvað hann væri ungur, — og hann þar af leiðandi tapaði hylli þeirra, því það eru ekki allar stúlkur, sem þýðast óharðnaða unglinga, þó þess megi, ef til vill, finna dæmi.

Ég sný mér nú aftur, heillin góð, að

baklegunni og virdist mér sem
þú hafir illa að sagt sé um karl-
menn: að þeir liggi á bakið, — þér
finnst það svo ógnar öfugt, og þetta
getur nú vel verið, að þér hefði þótt
heppilegra að liggja öðruvísi! —
en þá kastar nú tólfunum fyrst,
þegar þú, blessunin mín, fer að grín-
ast að baklegunni, hjá oss körlum,
og geta þér til að það stafi af bilun
eða bakverk, og svo kemur þessi
áminning frá þér, til systra þinna,
um að búa vel um piltana og
hlynna vel að baki þeirra. Þetta
lýsir bæði kunnáttu, þekking og
lipurð.

Mér þykir annars mjög leiðinlegt
að svona illa skyldi takast fyrir
mér, að ég skyldi móðga þig, kæra,
með þessu og vil ég því hátíðlega
lofa þér, að þegar ég skrifa næst,
um slíkt efni, skal ég gjöra að
vilja þínum og segja: Karlmenn-
irnir liggja ekki á bakið og kvenn-
fólkið — já, ég ætla bara að
hvísla því að þér, þegar við finn-
umst!

Kveð ég þig svo og kyssi í anda,
kæra vina mín! Þinn einlægur
vin, meðan heiti — já, ég þarf
annars ekki að vera að skrifa
það, þú veist hvað það er.

## Hríðin

1. Hríðin góðahrekur stand,
heljar-æði gróin:
jéljum flæðir frek um land
frostið klæðir sjóinn.

2. — Héluþakin standa strá,
af storma þjakast valdi;
falinn akur er að sjá
undir klaka faldi.

3. Grimm er slegin girðing lands,
gróður eigi styður;
eyðast hey, því hjarðir manns
húsin þreyja viður.

4. Glatast kvíði, — gjörum sjá:
grösin blíð í högum;
varpar hýði vetur þá
vors að líðum dögum.

B.

# Réttindi kvenna.

Heidrudu félagssystur!

Þegar ég frétti, ad gefa ætti út blad hér í sókninni og jafnvel væri farid ad rita þad, datt mér í hug ad þar med gæfist okkur, stúlkunum, kostur á ad ganga fram á ritvöllinn, því ég þyktist vera viss um ad hinn heidradi ritstjóri þess blads, mundi gódfúslega taka á móti smágreinum frá okkur, jafnvel þótt þær í fyrstu séu ekki klæddar í algildan búning ritsnilldarinnar.

Mér hefir verid sagt, ad tilgangur bladsins, væri sá, ad minnsta kosti ad nokkru leyti — ad gefa bædi piltum og stúlkum tækifæri til ad æfa sig í því ad hugsa og skrifa. Og þetta hlýtur ad virdast mjög þarft, þar sem hér er svo sár-lítid um allt þad, sem vakid getur hugann og lyft honum á ædra svid. Þar sem engar eru hreyfingar í þá áttina ad kenna mönnum eda sérstaklega hinu unga fólki, ad líta ofur lítid lengra í kringum sig en ad eins á hina daglegu hluti og hin vindulegu en getur verid óþrallur hversdagsstörf; — þar má ekki búast vid ad sé upplýst fólk eda almennt hugsandi fólk, sem kallad er. En mér finnst ad andinn þurfi þá vid og vid ad fá sína hressingu og sína löngun uppfyllta. Þad munu allir vera svo gjördir ad þeir í æskunni eda á yngri árunum, eru meira eda minna gefnir fyrir gladvært og skemmtilegt líf; — gefnir fyrir ad njóta þeirrar skemmtunar, sem er idkud á þeim tímanum, sem þeir alast upp í. Mér finnst því ad ætti ekki ad dæma hart, þótt unga fólkid nú á þessum tíma, þurfi sinnar gladværdar og leikja med. En er þó ekki allt of verid ad stagast á því ad vid ungu stúlkurnar séum ad þessu og hinu; séum ad brúka slifsi, hafa svuntu skipti, líta í spegilinn, allt of ad greida hárid og þvo framan úr okkur óhreinindin; vid séum ad dansa og viljum helst

allt af vera að dansa; við séum sumar tilgerdarlegar og margt og margt sem blessadir piltarnir eru nú að bera okkur á brýn. En skyldi það nú allt vera sprottid af bródurkærleik og sannri mannúd? Skyldi það ekki stundum vera bland-ad drottnunarvalds-náttúrunni gömlu: að karlmenn eigi að ríkja yfir konum einum, — og að þær aumingjarnar, séu skyldugar til að hlýda og lúta og þola allt, bædi frá tungu og hendi karlmannsins. Og ekki vantar það, að haldid er á lofti sögunni um hana Evu Adams konu, módur okkar, og sagan sé látin sýna kvenmanns forvitnina, táldrægnina og breyskan. Og víst er um það, að Evu gömlu er kennt um syndina og daudann. Ekki þá meira! Og enn í dag hættir af mörgum til að kasta ómannúdlegum ordum til okkar stúlknanna. Audvitad játum vid, að vid erum breyskar og að vid erum ófullkomnar en það ætti sannfæring okkar, aftur á móti að sjá, að vid erum ekki

hid minnsta breyskari en karl-menn. Til þessa tíma hefur réttur okkar verid trodinn. Réttur okkar er þó hin dýrasta eign okkar. Og ég ætla að leyfa mér að segja, að med hann hefur verid farid skamm-arlega oft á tídum. En hverjir hafa gert það? Svarid er gefid enn má geymast!

Það er annars tilgangur minn, med þessum fáu og stirdkvednu línum, að lofa minni sannfæringu að koma fram, þeirri hjartgrónu sannfæringu, að vid stúlkurnar eigum alveg rétt-indi eda jafnrétti á móts vid karl-menn, og það gamla drottnunarvald sem madurinn hefur tekid sér yfir konunni, algjörlega hverfi, því eng-inn kemur mér til að trúa því, að gud hafi gefid út þau lög að konan — einmitt sú vera, sem hann skapadi manninum til yndis og ánægju, ad-stodar og gledi — að hún skyldi standa sem fangi undir stjórn mannsins.

Og vissulega hefur gud skapad karl og konu med jöfnum andans hæfileik-um og gefid þeim jafnan rétt, til að nota þá, — þótt sumir og margir ekki

vilji kannast við það úr flakki karl-
mannanna. En, sem betur fer eig-
um við þó marga góðan bróður,
sem sér og kannast við hve óréttur
okkar er mikill, og sem vill styðja
af alefli, að því, að við náum rétti
okkar. En það er ekki nóg. Við verð-
um sjálfar að taka saman höndum,
og berjast með, fyrir þessu fagra vel-
ferðarmáli okkar — jafnréttinum,
og vaxast að ganga á þeim rétti, sem
við nú höfum, þótt lítill sé.

Eg býst við að mönnum þyki hún
vera nóg komið frá einum kvenn-
manni!; og líka finn eg vanmátt
minn til þess, að rita um svona stórt
mál, — en eg vona að þið, meðsystur
mínar, dragi ykkur ekki hlé og sýni
það í verkinu, að þið elskið og virðið
réttinn ykkar — dýrustu eignina
ykkar. Og þótt við svo átakanlega
finnum til þess, þá við tökum þenn-
an, hve við erum stirðar og óupp-
lýstar, þá ætlum við samt ekki að
láta það aftra okkur, og vona svo
góðs að allir betri menn, hjálpi
uppá okkur og vinni við betri okk-
ar og byrjum, á betri veg. Það væri
annars álkandi, eins og það er nú
líka fagurt, að bæði karlmenn og
kvennmenn litu réttara til hvors
annars enn stundum er, og dæmdu
með samviskusemi og mannúð
hvort annað.

Svo bið eg hinn heiðraða ritstjóra
sveitarblaðsins að taka þessar fáu
línur í blaðið og laga þær í stýln-
um; — líka vona eg svo góðs af
honum, að hann styðji að rétti
okkar og leggi hönd að málefni
okkar, — og það mun verða heiður
fyrir hann og hvern þann, sem það
gerir; enda treysti eg honum best,
af þeim sem eg þekki, í því máli.

Og eitt er víst, að kvennhylli er
engin ómerkilegheit eða neinn
ógæfuvegur.

Rósa í Brekku.

## Pétur og Páll. (Aðsenlag).

Páll: „Og félagsmaður góður getur
hann nú verið, þótt hann
sæki ekki kirkju“.

Pétur: „Nei, það getur hann alls ekki

verid. Því sá sem vanrækir
að sækja guðshús, hann leiðir
af sér slæmt eftirdæmi og oft
onum koma fyrir að sá mað-
ur, láti miður virðuleg og miður
kristileg orð heyrast í tilliti
til kirkjugönguranna. Og það
er víst, að kirkjan bráfan með
guðs forsjón, sem náðir, á öll
börnin sín — já, öll börnin,
og sá sem ekki er viljugur á
að koma til hennar — þá hún
kall — þá hún biðji — hann er
ekki hlýðinn sonur. En bleikur
nár, kemur hann þá í end-
anum til sinnar andlegu
móður og vendur feginn að
sofa þá í skauti hennar."

Páll: „Það getur nú vel verið. en
það er ekki nóg að sækja eða
ganga í guðshús; — það er
víst að þangað ber manni að
koma með trúandi hjarta, en
ég ímynda mér, að það séu eigi
svo fáir sem ganga í kirkju
með hugann fastan við jarð-
neska muni og köldum ver-
aldlegum hugsunum. Og má
nærri því segja, að sumir, nú
á tímum, fari traulandi til
kirkju sinnar. Og víst er um
það, að ýmsum þekka bænirnar
sem ekki menn læra, nær þeir
fóru út af heimilum sínum."

Pétur: „Það er hvorgi andi sannara, að
bænirnar eru að þekka og er það
grátlegur vottur um veraldlegt
hugarfar. En það er eitt víst, að
sækja vel kirkju sína er guði
velþóknanlegt, og þá einhver
kunni að koma í kirkju sína
með hugann bundinn mjög við
hið veraldlega, þá er vel eðlilegt
að orð guðs, sem flutt er fram, geti
vakið hjá honum andlegar hugs-
anir, — líka má enginn ímynda
sig svo breyskan eða syndugan,
að náðin guðs sé ekki stærri.
Og svo lækir, hlýtur söngurinn
og hinir ljómandi fögru nýju
sálmar, að hrífa hvert gott og
guðelskandi hjarta.

Páll: „Og svei! — Þar kemstu nú
lærkinns með það sem dugði! Mér
dettur ekki í hug að álíta sálm-

ana öðruvísi enn mjög góða,
en þá fellur mér illa breyt-
ingar þær, sem þeir hafa gert
við þá eldri sálma, sem eru
í bókinni — nema sálma
Hallgr. sál. Péturssonar —;
en þegar kemur til söngsins
með orgelinu þá hristi ég nú
höfuðið: orðið skilst ekki og
mér dauðleiðist undir þessum
ruglingssöngs — orgelið er
bara til mikillar leiðinda og
ætti aldrei að vera í kirkju.
Og svo gefur nú ekki maður
sá, sem almest í því, verk
sitt. — Það er annars ekki svo
fátt sem breytt er til hins
verra!"

Pétur: „Leiðinlegur ertu Páll! — Ég
skal nú segja þér, hvers vegna
þeir breyttu gömlu sálmunum.
Þeir gerðu það til þess, að þeir
gætu stefnt við söngreglurnar
eins og hjá öðrum þjóðum. —
en það, að þeir breyttu ekki
hinum andríku sálmum H.
Péturssonar, stafaði beint af
því, að höfundurinn hafði
tekið það fram, er hann gaf
sálmana út eða afhenti þá til
brúkunar, að þeim yrði ekki
breytt; og vildi því sálmabókar-
nefndin ekki skerða ummæli
hins góðkunna höfundar. En
þá sjá allir söngfróðir menn, að
sálmarnir eru mjög svo stirðir
í kveðandi og samstemmast
ekki við reglur og kröfur söngs-
ins.

En þar sem þú segir að orgel
ætti ekki að vera í kirkju og
brúkast við kirkjusönginn, er
engri réttri átt. Fyrst og fremst
hafa orgel tíðkast við kirkju-
söng í marga aldir hjá mörgum
þjóðum og eru nú í öllum kirkj-
um, um hinn menntaða heim.
Svo álíta allir smekkvísir menn
að hljóðfærið prýði og geri guðs-
þjónustuna hátíðlegri. Þetta er
það óneitanlegt skilyrði fyrir
góðum og réttum söng, að orgel
sé í kirkju. Má svo engum ætl-
ast til, að á það sé spilað, fyrir ekki
neitt, því það verk er mjög vanda-
samt og dýrt að nema þá list.

En þar sem fólk þykist ekki skilja andið — og kemur hljóðfærinu um — er svo auðvelt að laga. Aðeins þetta, að fá sér bókina og hafa hana í vasa sínum til kirkjunnar; og var það tilgangurinn fyrir útgefendum hennar, fyrir það var hún höfð í svona litlu broti.

Og ef fólk vildi nú þýðast þessa góðu bendingu og hafa bók með sér til kirkjunnar og lesa sálmana um leið og þeir eru sungnir, þá mundu hinir andríku og fögru sálmar, verða öllum kunnir og ágæti þeirra komast sína réttu leið til hjartnanna. Svo færu menn smá saman að syngja fleiri og fleiri með — sérstaklega unglingar og ungt fólk —, svo söngurinn yrði loks safnaðarsöngur — og þá væri hann búinn að ná [til]gangi sínum. Og þá mundu menn segja hann þýðingarmikinn þátt í guðsþjónustugjörðinni, og þá mundi söngstjóranum ekki vera borgað sinn vilja, né verk hans virt að litlu. — Og loks, mundi það auka aðsókn til kirkjunnar og ánægju prestsins.

Páll: „Mikið segir þú, Pétur minn, og þótt mér þætti nú skemmtilegt að mega tefja hjá þér lengur, þá má ég það nú hreint ekki. Ég er búinn að tefja miklu lengur en ég ætlaði. . . . . Og vertu blessaður og sæll!"

Pétur: „Vertu blessaður og sæll, Páll minn! — og ég vona að þú heimsækir mig aftur".

---

Herra G. Björnsson hefur fundið ástæðu til að gjöra athugasemdir við grein þá, er ég reit í 2. tölublaði „Viljans", en mjög eru þær á veikum grundvelli byggðar, að mér virðist, og sumar stefna áfram, sumar aftur á bak. Áfram[...] það að hann hvetur mig til a[...] meira um þetta efni, en á[...] sjálfur: að hér sé farið eft[...] með hrossin — en samk[...] þeirri ályktun, hvetur han[...]

til að starfa að því, sem í hans augum ekki er nauðsynlegt, og kalla ég það aftur á bak.

Annars vildi ég mælast til þess, við hinn heiðraða höfund, að hann eyddi ekki tíma og kröftum, til þess að benda mér á umtalsefni, því ég mun efalaust skrifa um það sem mér þykir stefna áfram, hvort sem herra G. B. líkar betur eða ver. Að endingu vil ég geta þess, að ekki mun ég nafngreina þá einstöku menn, sem mér þykir fara miður vel með hesta sína —, enda þykist ég vita, að hinn heiðraði höfundur, ætl-ast ekki til þess. Og allra sein-ast, læt ég herra G. vita það, að allt það sem ég hefi ritað um þetta efni:: stendur óhaggað; því ég álít, að það sé sannleikur byggður á þekkingu.

Jóh. Jónsson.

n.l. hrossin.

## Auglýsing.

[...], sem ætla að senda „Viljanum" [...]ðir, verða að láta fullt nafn fylgja með til ritstjórans, ann[...]verða þær ekki teknar í blaðið.

: Baldvin Bergvinsson.

Blaðið gangi ekki áfram að Syðstu-Grund og haldi sinni vanalegu leið.

B. B.

# Viljinn

Lestrarfél. bl. í Miklabæjarsókn.

I. ár. | 8. des. 1898 | 5. blað.

## Herra ritstjóri!

Þér hafið í grein yðar „Fjallgangan“, sem mér líkar mikið vel, minnst lítið eitt á prestana, og er ég yður þakklátur fyrir hin hlýju orð yðar, í þeirra garð, sem stéttar í landinu.

Þar sem þér minnist á prestana, takið þér það að minni meiningu réttilega fram, að prestar, n.l. góður, samviskusamur og skyldurækinn prestur, sé einn hinna nýtustu manna í sveit. Presturinn á að vera leiðtogi sinna safnaða, hann á að leitast við eftir megni að græða hin mörgu sárin, sem blæða, hann á að bæta bölið, sem hvílir þungt á siðferðislífi vor allra, hann á að hugga, friða og gleðja. Hann á

að leiðrétta þá mörgu, sem villast á veginum, og leiða þá aftur í faðm frelsarans. Hann á að innræta mönnunum kærleika í orði og verki, hvetja menn til að hjálpa og liðsinna þar sem þörfin er mest, í það og það skiftið. Hann á að hvetja menn til réttvísi, dyggðar og sannleiks-ástar. Í stuttu máli, presturinn á alstaðar að vera á verði, þar sem hann sér, að eitthvað aflaga fer, og reyna að lagfæra, ekki með refsivöndinn reiddan um öxl, heldur með hógværð og blíðu og kristilegum áminningum. Þetta á presturinn að gera, en auðvitað er langt frá því að prestar geri þetta almennt, og enginn sem á að vera, þar geta allir sagt: „Ónýtir þjónar erum vér". Í sambandi við prestana minnist þér á, að það, sem yður finnst þeim sérstaklega ábótavant í, sé það, að þeir eru eigi nógu vel kunnugir hinu andlega ástandi safnaðarlimanna, hvers út af fyrir sig, að þeir þekki ekki böl einstaklinganna. Með öðrum orðum, þér finnið að því, að þeir vanræki þann hluta starfsemi sinnar, sem kölluð er

sálgæsla eða sálusorg. Og því miður mega víst nærfellt allir íslenskir prestar játa, að hér er komið við þeirra viðkvæmu hlið. Það getur engum, sem nokkuð hugsar um stöðu prestsins gagnvart söfnuði sínum blandast hugur um það, að sálusorgin er ákaflega þýðingarmikið atriði í prestsþjónustunni. Hins vegar er það fyllilega víst, að þessi þýðingarmikli þáttur prestsembættisins hefir einmitt að miklu leyti orðið útundan í vorri íslensku kirkju. Hér þekkist naumast önnur sálusorg, en vitjun sjúkra, og það í flestum tilfellum að eins þá, er presturinn er kallaður til þess að veita sjúklingi sakramentið, og nú er það á þessum tímum orðið sjaldgjæft, víst nema þegar sjúklingurinn liggur við dauða sínum, svo að þessu leyti hefir sú starfsemi minni þýðingu enn áður. Húsvitjanir prestsins og eftirlit hans með kristilegri uppfræðingu ungmennanna, má og kallast sálgæsla; en húsvitjanirnar hafa þó víst aftast nær sárlitla þýðingu í þessa átt. Auk þess að grennslast eftir barnauppfræðingunni mun presturinn sjaldan annað gera enn taka fólkstalið.

En hverjar ástæður liggja nú til, að íslensku prestarnir almennt vanrækja og hafa vanrækt þetta þýðingar mikla atriði í starfi sínu. Hér getur ekki aðeins verið um almenna vanrækslu og áhugaleysi að tala, því að sálgæsla í sinni sérstöku merkingu hefir, að ég hygg, aldrei komist á í Lúterskum sið. Þröskuldurinn, sem þetta einkum hefir strandað á, er víst hinir staðlegu örðugleikar, vegalengdin, og vondir vegir, og ár og fl. í mörgum prestaköllum, svo hefir það við bæst hin erviðu kjör prestanna, sem hefir knúð þá til að gefa sig allt eins mikið við búskap og fl. eins og prestsskapnum, til þess að geta lifað og séð fyrir sér og sínum. Það er hér eins og í mörgu öðru, að strjálbyggðin og fátæktin hefir verið þröskuldur í vegi. Þá dettur mér ekki annað í hug, en að hér mætti nokkuð áleiðis komast, ef vilji er góður, og presturinn notaði hvert tækifæri sem honum gefst til þess að grennslast eftir ásigkomulagi safnaðarlimanna. En þetta er ákaflega mikið vandaverk, aldrei ber prestinum fremur enn þá, að gæta þess að honum ber að vera kænum sem höggormi og einföldum sem dúfa. Sálarástand og skoðanir einstaklinganna, lífsreynsla þeirra og andlegum þroski er svo misjafn, að hér þarf ákaflegrar varfærni, en þó einbeittni og lipurð, til þess að koma hinu góða málefni kristindómsins sem mest og best til hjartnanna. Til þessa þarf einbeittan, góðan vilja, nákvæma mannþekkingu og yfirgripsmikla lífsreynslu. En þetta spursmál er nú á dagskrá meðal prestastéttarinnar og því vonandi, að því fremur þoki áleiðis. Yfir höfuð að tala hefir Katólska kirkjan miklu betur sinnt sálgæslunni enn kirkja protestanta, og í því liggur einmitt hinn mesti styrkur Katólsku kirkjunnar. Fyrir það nær hún allt eins mikilli útbreiðslu nú á dögum, sem protestanta kirkjan. Jesúítarnir hafa verir meistarar í þessu, og alkunnugt er, hve miklu þeir hafa komið til leiðar, einmitt með því að skyggnast inn í hin innstu fylgsni mannsandans.

Í þessari sömu grein yðar, herra ritstjóri! hafið þér látið koma fram á sjónarsviðið tvo flokka manna–

anna, annan kærleiksríkan sjálfsfórnandi, sem þér nefnið Jóhannesarflokkinn, annan — að mér skilst — fremur hugsandi um sinn eigin hag, eins og menn gera almennast, og nefnið þann flokk Péturs-flokkinn. Ég þykist vita, að flokksforingjarnir muni vera þeir postularnir, Jóhannes og Pétur. Jóhannes er að vísu vel valinn, en mér finnst Pétur illa valinn. Ég ímynda mér, að þér hafið ekki nægilega hugsað yður um, áður enn þér settuð Pétur postula í þessar stöðvar í mannfélaginu. Það hafa aldrei, og geta naumast leikið nokkur tvímæli á því, að Pétur má telja með allra fremstu postulum Krists. Einmitt sá postulanna, sem Kristur treysti best til þess að útbreiða sitt ríki á jörðinni. Það getur þó naumast hugsast að það hafi verið neinn meðalmaður, sem Kristur sagði, að væri sú hella, er hann byggði kirkju sína á. Svar Péturs til Krists, þegar hann spurði postula sína, hvort þeir einnig ætl-

uðu að yfirgefa sig, lýsir heldur ekki andlegum svefni: Herra! til hvers ættum vér að fara? Þú hefir orð hins eilífa lífs. Í allri framkomu Péturs, bæði á hérvistardögum Krists og síðar, lýsir sér einmitt, að hann hefir verið brennandi í andanum, að hann hefir elskað Krist af einlægu hjarta, og jafnvel breysni hans bendir æ á hið sama. Það sem leiddi Pétur inn í garðinn til æðsta prestsins var einmitt kærleikur til Krists: „Hann vildi sjá hver endir þar á yrði". Sama sýnir atferli hans, þegar Jesús var handtekinn.

Pétur hefir haft eldfjöruga, tápmikla sál. Kærleiki hans hefir ekki verið eins djúpur og Jóhannesar, en hann hefir verið langtum meira starfandi, verkandi út á við enn Jóhannesar. Eftir því sem vér getum dæmt um af hinni helgu frásögu, hefir hann í framkvæmdum borið höfuð og herðar yfir hina postulana, og það er aðeins Páll postuli, sem skarar fram úr öllum. Ef vér

hugsuðum oss sjálfsfórnandi flakk á jörðinni, sem vildi allt leggja í sölurnar vegna kærleikans, þá getum vér með allt eins miklum rétti kennt þann flakk, við Pétur sem Jóhannes, og dettur mér þá ekki í hug að draga neitt úr því verð-skuldaða lofi, sem sá postuli á, er Drottinn elskaði mest.

Björn Jónsson.

Vér "kunnum" prestinum "innilegar" þakkir fyrir framanritaða grein. Hún ber þess ljósan vott, að hann hafi ritað með lífi og sál, að hann hafi hugsað það mál, sem honum liggur þyngst á hjarta, n.l. sálusorgin eða sálgæslan, sem vér einmitt fundum að í garði presta, er vér rituðum „Fjallgönguna". Og einmitt með þessum greinum gefst söfnuðinum kostur á að sjá, að margt er hér að athuga, áður enn farið er að leggja harða dóma á prestastéttina á Íslandi. Það eru sjálfsagt til einhverjir menn í hverjum söfnuði, sem því miður álíta að prestar séu undir það óþörfustu mennirnir í landinu. En hér er sem víða annarstaðar, mikill misskilningur. Góður prestur, er efalaust lang-þýðingarmesti maðurinn í hverju sveitarfélagi og það viðurkenna allir <u>sannkristnir menn</u>. Hann er hirðirinn og hjartað, sem hver sál, beygð af andstreymi og sorg, má koma til og halla sér upp að. — Ó, guð hjálpi oss, kristnum mönnum! — Vér erum svo fjarlægir hinum blíðu tilfinningum og bæninni, — en þetta hvorutveggja leiðir oss beinast til guðs og til allra góðra manna; — það er eins og oss þyki minnkun að því að vera viðkvæmir eða bljúgir; vera innilegir og ástfólgnir hver við annan — og sé einhver það, álítum hinn, ef til vill, að þessi innileiki sé hræsni og ytri sætleikur og máski tál. En á meðan að vér ekki erum innilegir, viðkvæmir, einlægir og um fram allt hjartagóðir, á meðan, segjum vér, <u>getum</u> vér ekki viðurkennt hina góðu

vidleitni medbrædra vorra. Það er eins og öllum er ljóst, að elskan er hinn sanni dómari. Á meðan vér ekki elskum, getum vér ekki dæmt hlutdrægnislaust. Ef vér elskum hver annan — þá sjáum vér betur kostina hver hjá öðrum og viljum leiða allt á betra veg. Aftur á hinn bóginn, veldur kærleiksleysið því, að vér erum harðir dómarar og umberum hver annan illa, og leiðum stundum út á verri veg gjörðir annara. Kærleiksleysið er allt annað en réttlæti; vegna þess, skortir oss kærleika þegar dómar vorir eru ekki sem réttastir. Ef oss þykir vænt um manninn, höllum vér ekkert á hann; vér tökum málstað hans; það hryggir okkur þegar hann er áreittur eða á hann er hallað, af öðrum — einmitt af þeirri gildu og góðu ástæðu, að oss þykir svo vænt um manninn — að vér elskum hann, eins og á að vera, meðal allra samkristinna manna.

Og þessi innileiki er alveg fráskilinn tortryggni, — að vér einmitt treystum þeim bezt, sem vér elskum mest. Þar getum vér verið barnslega glaðir og þar getum vér grátið innilega, án þess, að blygðast hið minnsta fyrir tárin — þessi fögru blóm viðkvæmninnar og innileikans!

Þreyttur og þjáður maður, vill gefa aleigu sína fyrir að mega halla sér upp að slíku hjarta — því þar finnur hann himnaríki. Ó, ef að væri í kringum oss margt af slíkum mönnum, þá yrði byrði vor létt og lífsstríð vort minna; þá væri bjart vor heilbrigð þó þær væru sjúk.

Það er einmitt þetta góða hjarta — þessi hreini óblandaði kærleikur — þessi elskulegi maður — sem vér gengum út frá þegar vér hugsuðum oss Jóhannes postula fyrir flokksforingja, í grein vorri, „Fjallgöngunni“. Þessi postuli, sem Kristur elskaði mest, af því að Jóhannes var elskuverðastur.

Kiljenn